

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1987

12. ágúst 1987

705

Nr. 372

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um slátrun, mat og meðferð sláturfurða
nr. 442/1977, sbr. breytingu með reglugerðum nr. 340/1981 og
nr. 342/1986.

1. gr.

19. gr., 1. tl., rg. nr. 442/1977, sbr. 1. gr. rg. nr. 342/1986, orðist svo:

1. Dilkakjöt.

Dilkakjöt sem selja á innanlands nýtt, fryst, saltað og reykt eða flytja skal á erlendan markað skal metið í eftirfarandi gæðaflokka: I. fl. *, I. fl., II. fl., II. fl.0, III fl.

Kjötið skal metið og merkt í gæðaflokka og þyngdarflokka um leið og það er vigtað inn frá framleiðanda.

Gæðaflokkar dilkakjöts eru þessir:

I. flokkur * (stjörnudilkur): Sérlega vel vaxnir skrokkar með greinilegum ræktunareinkennum, vel holdfylltir, einkum í lærum og á baki, hæfilega feitir og með jafnri dreifingu hvítrar fitu um allan skrokkinn. Fituþykkt á síðu, þ.e. á 12. rifbeini, 11 cm frá miðjum hrygg, sé að hámarki 8 mm. Fituþykkt á bakvöðva (við 12. rifbein) sé að hámarki 3 mm. Skrokkar gallalausir í útliti. Þessir skrokkar skulu sérstaklega merktir *.

I. flokkur: Vel holdfylltir skrokkar með fituþykkt á síðu, þ.e. á 12. rifbeini, 11 cm frá miðjum hrygg, minni er 12 mm, gallalausir í útliti.

II. flokkur: Vöðvarýrir, útlitsljótir skrokkar og með minni háttar mar eða aðra verkunargalla.

II. flokkur 0: Skrokkar sem hafa fituþykkt á síðu 12—14 mm. Þessir skrokkar skulu sérstaklega merktir 0, sbr. meðfylgjandi töflu. Merkingu þessara skrokka skal hagað þannig að þeim verði ekki blandað saman við annað kjöt í heildsölu.

II. flokkur 00: Skrokkar sem hafa fituþykkt á síðu 15 mm eða meiri, einnig skrokkar með blóðlitaðri fitu eða fitu sem ekki stíðnar. Þessir skrokkar skulu sérstaklega merktir 00, skv. meðfylgjandi töflu og skal haga merkingu þannig, að þeim verði ekki blandað saman við annað kjöt í heildsölu.

III. flokkur: Mjög vöðvarýrir og magrir skrokkar, verulega marðir, limhögnir eða með verulegum verkunargöllum.

B 47

Merkja skal dilkakjöt samkvæmt gæða- og þyngdarflokkum svo sem hér segir:

	Að 12,5 kg.	13–16 kg.	16,5–19 kg	19,5–22,5 kg	23 kg og þyngri
I. flokkur*. Vel holdfyllt læri og bak Hvít fituhula	DI *6	DI *2	DI *8	DI *4	
I. flokkur. Vel holdfylltir, miðlungsfita, gallalaúsir í útliti	DI 6	DI 2	DI 8	DI 4	DI T
II. flokkur. Sæmilega holdfylltir, lítill fita, gallalitlir	DII 6x	DII 2x	DII 8x	DII 4x	DII Tx
II. flokkur 0. Holdgóðir skrokkar, mikil fita	DII 0 6	DII 0 2	DII 0 8	DII 0 4	DII 0 T
II. flokkur 00. Holdgóðir skrokkar, mikil fita og/eða fita sem ekki stírnar	DII 006	DII 002	DII 008	DII 004	DII 00T
III. flokkur. Allir holdrýrir, fitulitlir, marðir, gallaðir eða með mjög gula fitu	DIII 6xx	DIII 2xx	DIII 8xx	DIII 4xx	DIII Txx

Þar sem skylt er að miða við 100 gr þyngdun, skulu kjötmatsmenn gæta þess að hækka eða lækka í flokkum þannig t.d., að 12,7 kg skrokkur merkist í þyngdarflokkinn 6 en 12,8 kg í þyngdarflokkinn 2. Sé kjötið vigtað blautt skulu mörkin vera 300 gr hærri (2% af þyngd).

2. gr.

21. gr. 1. tl. rg. nr. 442/1977, sbr. 3. gr. rg. nr. 340/1981, orðist svo:

1. Folaldakjöt.

- FO I Skrokka af folöldum allt að árgömlum, vel holdfylltum og gallalaúsir í útliti. Fitubykkt allt að 15 mm.
- FO II Skrokka af folöldum allt að árgömlum, vel holdfylltum og gallalaúsir í útliti. Fitubykkt 15 til 25 mm.
- FO IIO Skrokka af folöldum allt að árgömlum, vel holdfylltum. Fitubykkt 25 mm eða meiri.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. ágúst 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.